

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 140 (17.2.2025) - Reglur um leyfisveitingar Múlaþings sem umráðanda lands vegna staðsetningar lausafjármuna

Málsnúmer : 202501241  
Málsaðili : Múlaþing  
Niðurstaða (stutt) : Vísað til nefndar  
Fundardagur : 17.02.2025

Inngangur : Þjónustufulltrúi á umhverfis- og framkvæmdasviði situr fundinn undir þessum lið.  
Lagðar eru fyrir að nýju drög að reglum um leyfisveitingar Múlaþings í tengslum við útgáfu stöðuleyfa lausafjármuna (áður reglur um matar- og söluvagna). Reglurnar hafa tekið þónokkrum breytingum, bæði hvað varðar heiti þeirra og innihald, sem eru tilkomnar vegna áherslubreytinga m.a. með vísan í viðeigandi lög og reglugerðir.  
Markmið reglanna eins og þær liggja fyrir nú er að skerpa á afgreiðsluferli í tengslum við staðsetningu lausafjármuna á umráðalandi sveitarfélagsins.  
Jafnframt liggja fyrir umsagnir heimastjórna við fyrstu drög reglanna.

Niðurstaða : Eftirfarandi tillaga lögð fram:  
Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að reglum og vísar þeim til byggðaráðs til staðfestingar.  
  
Samþykkt samhljóða.